

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 17/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Lögskýring. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1991 til þyngingar á refsingu og sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að til viðbótar refsingu sætti ákærði sviptingu ökuréttinda, aðallega, að áréttuð yrði ævilöng svipting, en til vara, að ákærði sætti tíma-markaðri sviptingu ökuréttinda samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð.

Ákærða voru ekki veitt ökuréttindi að nýju með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem greint er í héraðsdómi. Það gaf honum einungis kost á að öðlast ökuréttindi á nýjan leik að uppfylltum skilyrðum 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Þennan rétt hefur ákærði enn ekki fært sér í nyt. Samkvæmt 14. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. dóm Hæstaréttar 1989, 13, eru ekki skilyrði til að svipta hann þeim rétti. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þann þátt ákæru, er að þessu lýtur.

Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rögnvaldur Axel Rögnvaldsson, greiði málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómálinu nr. 668/1991: Ákærvaldið gegn Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. nóvember sl., á hendur ákærða, „Rögnvaldi Axel Rögnvaldssyni, Hraunbæ 52, Reykjavík, fæddum 3. febrúar 1952, fæðingarnúmer 489, fyrir að aka miðvikudaginn 28. ágúst 1991, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-18360 um Vesturlandsveg á Kjálarnesi í Kjósarsýslu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans skammt frá bænum Móum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að áréttað verði svipting ökuleyfis ævilangt samkvæmt 2. mgr. 101. gr., sbr. 102. gr. nefndra umferðarlaga“.

Málavextir.

Miðvikudaginn 28. ágúst sl. ók ákærði bifreiðinni R-18360 um Vesturlandsveg á Kjálarnesi í Kjósarsýslu áleiðis til Reykjavíkur, uns lögreglan stöðvaði aksturinn skammt frá bænum Móum. Ákærði hafði neytt áfengis nóttina fyrir aksturinn og fann til áfengisáhrifa við hann. Neytti ákærði eigi áfengis við aksturinn eða eftir að honum lauk. Var ákærða tekið blóðsýni til ákvörðunar á alkóhólmagni, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknar þess mældist alkóhólmagn í því 1,54‰. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi 18. nóvember 1981, en samkvæmt sakavottorði var honum „veitt ökuleyfi á ný“ af dómsmálaráðuneytinu 30. nóvember 1984.

Niðurstöður.

Sannað er með afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annað það, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur umrætt sinn ekið nefndri bifreið undir áfengisáhrifum,

svo sem rakið er í ákæru. Varðar sú háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Svo sem hér að framan greinir, var ákærða „veitt ökuleyfi á ný“ af dómsmálaráðuneytinu 30. nóvember 1984. Var ákærði því eigi sviptur ökuréttindum ævilangt við aksturinn, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og ber að sýkna hann af þeirri háttsemi. Ákærði hafði á hinn bóginn ekki fengið út gefið „gilt ökuskírteini“ eftir „ökuleyfisveitinguna“ og braut þannig með nefndum akstri gegn 1. mgr. 48. gr. nefndra umferðarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði sættist ákærði 27. janúar 1978 í dómi á sektargreiðslu og sviptingu ökuleyfis eitt ár frá sama degi að telja vegan ölvunaraksturs, og 18. nóvember 1981 var hann dæmdur til greiðslu sektar og sviptingar ökuleyfis ævilangt frá 2. október s.á. vegna ítrekaðs ölvunaraksturs. Hefur ákærði eigi sætt kærnum eða refsingum að öðru leyti.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og verður hún ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi tólf daga.

Krafa um, „að árétuð verði svipting ökuleyfis ævilangt“.

Í ákæru er þess krafist, að árétuð verði svipting ökuleyfis ákærða ævilangt, og í því sambandi vísað til 2. mgr. 101. gr., sbr. 102. gr. umferðarlaga.

Svo sem áður greinir, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 2. október 1981 með dómi 18. nóvember s. á. Í málinu liggur frammi bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 30. nóvember 1984, til lögreglustjórans í Reykjavík. Í upphafi þess segir, að ráðuneytið hafi ákveðið samkvæmt heimild í 4. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 (sbr. 1. mgr. 106. gr., sbr. 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða í gildandi umferðarlögum, innskot dómsins), að ákærða skuli að nýju veitt ökuréttindin. Segir síðan orðrét: „Samkvæmt þessu er yður heimilað að láta viðkomandi í té ökuskírteini, sbr. 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.“ Reglugerðarákvæði þetta heimilar lögreglustjóra að krefjast þess, að sá, sem fær ökuskírteini afhent að nýju að loknum sviptingartíma, skuli gangast undir bifreiðarstjórapróf að nýju, og skal það að jafnaði gert, ef svipting hefur staðið lengur en eitt ár.

Með því að veita lögreglustjóranum í Reykjavík heimild til að láta ákærða í té ökuskírteini að nýju, felldi dómsmálaráðuneytið hina ævilöngu

ökuleyfissviptingu ákærða frá 2. nóvember 1981 úr gildi og heimilaði ákærða að gangast undir ökuþróf að nýju og fá út gefið ökuskírteini. Var ákærði þannig jafnsettur manni, sem aldrei hefur öðlast ökuleyfi. Samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal réttindasvipting vara ævilangt, ef annars vegar sakir eru miklar og hins vegar ef brot er ítrekað öðru sinni. Hvorki er um að ræða miklar sakir í máli þessu né að brot ákærða sé ítrekað öðru sinni, en ítrekunaráhrif dómsins frá 18. nóvember 1981 féllu niður fyrir liðlega fimm árum.

Með vísan til framanskráðs þykir því bera að synja kröfu ákæruvaldsins um, „að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt“.

Umferðarlög nr. 50, 1987, heimila eigi sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi, eins og umferðarlög nr. 40, 1968, gerðu, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1988 í málinu nr. 150/1988 og dóm réttarins 16. janúar 1989 í málinu nr. 115/1988, en samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, hefði ákærði í máli þessu verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi eitt ár.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rögnvaldur Axel Rögnvaldsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi tólf daga.

Synjað er kröfu ákæruvalds um, „að áréttuð verði svipting ökuleyfis ævilangt“.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.